# Upplýsingafundur rektors

22. september 2021

Jón Atli Benediktsson, rektor



# Dagskrá

1. Nýliðnir viðburðir og mál á döfinni
2. Af vettvangi fræðasviðanna
3. Innleiðing HÍ26

# HÍ í nýjum búningi



HÍ

HÍ merki blátt

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskóli Íslands merki blátt / Wide

# Háskólalífið að komast í eðlilegt horf – langþráðir nýnemadagar á háskólalóðinni




HÍ hlaut grænfánann

# Móttaka erlendra nemenda






# COVID-19: QR-kóði innleiddur í kennslurýmum

# Stjórnmálaflokkar í heimsókn í aðdraganda Alþingiskosninga











HÍ

Málþing HÍ og Alvotech um framtíð og nýsköpun á sviði lyfjaþróunar 9.9.



# Nýtt rannsóknasetur HÍ á Breiðdalsvík

- Rannsóknasetur HÍ á Breiðdalsvík var formlega opnað á þjóðhátíðardaginn 17. júní
- Við sama tækifæri var undirritaður samstarfssamningur milli setursins og Fjarðarbyggðar
- Markmiðið er að efla þekkingar- og rannsóknastarf í landsfjórðungnum
- HÍ starfrækir nú 10 rannsóknasetur um allt land

# Háskólaráð kemur saman á ný




HÍ
Skýrsla ytri matshóps vegna
úttektar á HÍ væntanleg

# Markvisst unnið að umbótaáætlun um málefni stundakennara



# Skilagrein starfshóps um málefni HHÍ



# Endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna á lokastigi

- Í samræmi við stefnu HÍ er áhersla lögð á að matskerfið endurspegli þá áherslu að störf háskólafólks verði metin á fjölbreyttan hátt og að tekið sé tillit til mismunandi birtingarhefða fræðasviða
- Við endurskoðunina var sérstaklega leitast við að auka gagnsæi kerfisins og sanngirni matsins
- Lögð var áhersla á að skýra betur hvað ræður mati þegar um matsbil er að ræða í kerfinu eða eftir atvikum að fækka slíkum bilum



# Stjórn matskerfis opinberra háskóla

- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda, formaður (HÍ)
- Ása L. Aradóttir, prófessor (opinberir háskólar utan HÍ)
- Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor (HÍ)
- Guðmundur Hálfdanarson, prófessor (HÍ)
- Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sérfræðingur (fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis)
- Þórólfur Matthíasson, prófessor (fulltrúi kjarafélaga)

# Drög tímalínu

| | |
|---|---|
| 24.9. | Stjórn matskerfisins lýkur endurskoðun sinni og sendir tillögu og fylgigögn til rektora opinberu háskólanna |
| 27.9. | Rektorar opinberu háskólanna fjalla um tillöguna |
| 1.10. | Tillagan ásamt fylgigögnum send til umsagnar og umsagnargátt opnuð |
| 1.10. | Kynning á vinnustofu gæðaráðs íslenskra háskóla |
| 7.10. | Kynning og umræður í háskólaráði |
| Október | Kynning og umræður á fundi rektors með forsetum fræðasviða |
| 12.11. | Kynning og umræður á háskólaþingi |
| 15.11. | Umsagnarfresti lýkur |
| 15.11.-1.12. | Stjórn matskerfis bregst við framkomnum athugasemdum og ábendingum |
| 6.12. | Rektorar opinberu háskólanna afgreiða endurskoðaða tillögu |
| 1.1.2022 | Breytt matskerfi tekur gildi |



# Háskóli Íslands – heildarskipulag og framtíðarsýn

- Samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og HÍ um heildarskipulag háskólasvæðisins og samþættingu Borgarlínu
- Fellur afar vel að áherslum HÍ26
- Verður kynnt ítarlega á næstunni






# Framkvæmdir við Gamla Garð á lokametrunum

# Erlendir sendiherrar heimsækja HÍ





# Erlendir sendiherrar heimsækja HÍ

# Heimsókn menntamálanefndar færeyska þingsins




HÍ

# U-Multirank 2021

- HÍ meðal fremstu 25 háskóla í heiminum á sviði sameiginlegra alþjóðlegra birtinga (international joint publications) skv. nýjum matslista U-Multirank

- Frábær árangur HÍ og mikil viðurkenning



# Times Higher Education

- HÍ er í 151.-175. sæti yfir bestu háskóla heims á sviði lífvísinda og í hópi 250 bestu á sviði raunvísinda skv. nýjum matslistum tímaritsins Times Higher Education
- HÍ er ennfremur í 250.-300. sæti á sviði sálfræði
- Í hópi 500 bestu innan klínískra heilbrigðisvísinda
- HÍ er eini háskólinn á Íslandi sem kemst á þessa lista

# Staða HÍ á listum yfir einstök fagsvið

## Háskólum á heimsvísu raðað eftir árangri skv. skilgreindum mælikvörðum í rannsóknum og kennslu

### THE Subject Rankings 2021/22 (kynntur 2020/21)

| | |
|---|---|
| 151.-175. | • Lífvísindi |
| 201.-250. | • Raunvísindi<br>• Verkfræði og tækni |
| 251.-300. | • Félagsfræði<br>• Hugvísindi<br>• Menntavísindi<br>• Sálfræði |
| 401.-500. | • Klínísk heilbrigðisvísindi<br>• Viðskipti og hagfræði |

### ARWU Subject Rankings 2021

| | |
|---|---|
| 7. | • Fjarkönnun |
| 45. | • Rafmagns- og tövuverkfr. |
| 51.-75. | • Hjúkrunarfræði |
| 101.-150. | • Jarðvísindi |
| 151.-200. | • Líffræði |
| 201.-300. | • Ferðamálafræði<br>• Landfræði<br>• Líffræði mannsins<br>• Lýðheilsuvísindi<br>• Stjórnmálafræði |
| 301.-400. | • Loftslagsvísindi |
| 401.-500. | • Klínísk læknisfræði<br>• Sálfræði<br>• Vistfræði |

### Fjöldi lista sem HÍ er á




AURORA
HÍ

# Virkjun Aurora sem öflugs samstarfsvettvangs á nýju háskólaári

- Flestar deildir HÍ hafa sýnt því áhuga að taka þátt í Aurora samstarfinu
- Yfir 50 kennarar hyggjast þróa námskeið sín í samstarfi við aðra kennara í Aurora háskólum
- Nú þegar almennt gengur vel að halda COVID-19 í skefjum er stefnt á að halda fjölbreytta viðburði á vegum Aurora innan HÍ fyrir starfsfólk
- Einnig standa vonir til að geta tekið á móti fleiri erlendum gestum til að tengja starfsfólk HÍ enn betur við Aurora – líkt og gert var á Aurora málstofu 2. september sl.
- Þá munu kennarar geta fengið styrk frá Aurora til að heimsækja Aurora háskóla til að leggja grunninn að sameiginlegum námskeiðum og námsleiðum

# Spennandi vetur framundan hjá nemendum!

- Alma Ágústsdóttir, alþjóðafulltrú SHÍ, kjörin forseti Aurora stúdentaráðsins - internationalcommittee@hi.is
- Aurora Student Champions and Ambassadors verkefnið
  - Tækifæri fyrir nemendur til að taka beinan þátt í verkefnum Aurora og fá viðurkennda alþjóðalega reynslu
  - Kynningarviðburður fyrir nemendur 23. sept.
  - Umsóknarfrestur 17. okt.
- Aurora fagnar Evrópska tungumáladeginum 27. sept.
  - Markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi tungumálakunnáttu og verndun fjölbreytileika tungumála
  - Alma verður fulltrúa Aurora nemenda í pallborðsumræðum



# Aurora eflir rannsóknir og nýsköpun

- Samþætting vísinda og nýsköpunar (SWAFS – Horizon 2020)
  - Áhersla á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
  - Samnýting innviða háskólanna
- Auður Inga Rúnarsdóttir ráðin sem verkefnisstjóri SWAFS
  - HÍ leiðir verkefnið fyrir hönd Aurora samstarfsins
- HÍ leiðir tvo af níu vinnupökkum
  - Verkefnastjórnun
- Sameiginleg stefna stoðþjónustu vísinda og nýsköpunar
- Næstu skref
  - Formlegur kynningarviðburður á Spáni í nóvember
  - Vinnuhópar taka upp störf




WP1
PROJECT MANAGEMENT
WP2
DEVELOPMENT OF SHARED SUPPORT PLAN FOR RESEARCH AND INNOVATION
WP3
SHARING INFRASTRUCTURE AND RESOURCES
WP4
STRENGTHENING COOPERATION ON ENTREPRENEURIAL ACTIVITY
WP5
EMPOWERING HUMAN CAPITAL
WP6
SHARING AND IMPLEMENTING OPEN SCIENCE PRACTICES
WP7
ENGAGING CITIZENS AND SOCIETY
WP8
LEARNING AND SHARING WITH OTHER EUROPEAN UNIVERSITIES
WP9
COMMUNICATION and DISSEMINATION

# Frá Félagsvísindasviði

- Þing Félagsvísindasviðs 29. nóv. Þema: Samvinna í rannsóknum
- Þjóðarspegillinn haldinn rafrænn 29. okt.
- Áframhaldandi kennsluþróun, m.a. neyðarfjarkennsla samhliða staðkennslu
- Rannsóknarverkefni um kennsluþróun í samstarfi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið og Hugvísindasvið
- Stöðugar umbætur og gæðamál, skráning ferla, straumlínulögun vinnulags með meiri og betri nýtingu rafrænna tóla, s.s. O365
- Vendifundir um Canvas, Inspera og miðmisseriskönnun


HÍ
Vatnstjón í byggingum HÍ í ársbyrjun – skýrsla dómkvaddra matsmanna væntanleg



# Frá Heilbrigðisvísindasviði

- Hvatningarverðlaun Rannís 2020 og 2021 hlutu Martin Ingi Sigurðsson og Erna Sif Arnardóttir
- Í ár eru 50 ár liðin frá því að grunnnám í sálfræði hófst við HÍ og 20 ár frá brautskráningu fyrstu klínísku sálfræðinganna. Hátíðarmálþing í nóvember nk.
- Haustþing Heilbrigðisvísindasviðs haldið 20. okt. nk.
- Heilbrigðisvísindahús í undirbúningi. Fjórir aðilar hafa verið metnir hæfir til að leggja fram hönnunartillögur sem verða metnar í lok haustmisseris
- Nýsköpunarráðstefna Heilbrigðisvísindasviðs haldin í fimmta sinn 19. nóv. nk.


HÍ
Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur, sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Hjúkrunarfræðideild 24.8.



# Frá Hugvísindasviði

- Fimmtíu ára afmælishátíð Sagnfræðistofnunar og opnun sýningar í Þjóðarbókhlöðu
- Auður Hauksdóttir, prófessor emerita við Mála- og menningardeild, hlaut verðlaun sem kennd eru við Jón Sigurðsson




Lars Lönnroth, prófessor emeritus við Gautaborgarháskóla, sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Íslensku- og menningardeild

# Frá Menntavísindasviði

- Húsnæðismál fræðasviðsins eru í forgangi
- Menntaflétta hófst af fullan þunga í haust með 20 námskeiðum. Um er að ræða starfsþróunarnámskeið fyrir kennara og fagfólk á sviði menntunar sem var styrkt af stjórnvöldum og felst í að efla nám og kennslu á sviði læsis, náttúrufræði, stærðfræði o.fl. Um 1000 kennarar um allt land hafa þegar skráð sig
- Samstarf fræðsludeildar Þjóðleikhússins og leiklistarkennara á Menntavísindasviði um gerð kennsluefnis sem byggir á aðferðum listkennslu og kennarar í skólum geta nýtt í tengslum við barna- og unglingasýningar
- Menntakvika fer fram 15. október og er að þessu sinni helguð 20 ára afmæli tómstunda- og félagsmálafræði. Búist er við um 300 erindum enda mikil gróska á sviði menntarannsókna



# Beðið ákvörðunar um framtíð Hótels Sögu

# Frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði

- Námsbraut í tölvunarfræði er flutt úr Tæknigarði í Grósku
- Sex brautskráðir grunnnemar í eðlisfræði og efnafræði hlutu verðlaun úr verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar
- Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch ráðin framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar
- Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir, prófessor við Jarðvísindadeild, einn aðalhöfundur skýrslu sérfræðingahóps milliríkjanefndar SÞ um loftslagsbreytingar

# Team Spark afhjúpar nýjan kappakstursbíl





# Fram undan

- Hátíð starfsfólks 5. nóv.
- Hátíð brautskráðra doktora 1. des.
- Árshátíð færist yfir á vormisseri



# Betri háskóli betra samfélag

STEFNA 2021-2026

# Stefnumótunarferlið

Stýrihópur skipaður sem vann í umboði rektors

- Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor og formaður
- Magnús Þór Torfason, dósent
- Margrét Helga Ögmundsdóttir, dósent
- Ragnhildur Ísaksdóttir, sviðsstjóri mannauðssviðs
- Með hópnum starfar Bjarni Snæbjörn Jónsson, stjórnunarráðgjafi og Andrea G. Dofradóttir, verkefnastjóri stefnuinnleiðingar

Stýrihópur mótaði stefnu og drög að innleiðingaráætlun á grundvelli margvíslegra fyrirliggjandi gagna og víðtæks samráðs.

Meðal annars var stuðst við sjálfsmatsskýrslur tengdar QEF, námsánægju- og starfsumhverfiskannanir, innlend og erlend stefnuplögg, kannanir sem sendar voru öllu starfsfólki og nemendum, svo og niðurstöður samráðsfunda sem haldnir voru með Stúdentaráði og á öllum fræðasviðum, miðlægt og í fleiri einingum.



# Stefnumótunarferlið

**Júní-okt ´20**
Undirbúningur
Skipun stýrihóps
Mótun ferlis
Greining gagna

**Nóv ´20-feb ´21**
Víðtækt samráð
Mótun stefnuramma

**Mars-apríl ´21**
Úrvinnsla samráðs
Mótun verkefnastofna

**Apríl-maí ´21**
Unnið að lokadrögum og innleiðingaráætlun

**Maí-júní ´21**
Samstilling og samþykkt

HÍ

# HÍ26

## Stefna Háskóla Íslands 2021-2026



# Framtíðarsýn HÍ26

## Betri háskóli – betra samfélag

Skólinn skapar opið og fjölbreytt umhverfi náms og rannsókna, hann er í sterku sambandi við meginstoðir samfélagsins og í víðtæku samstarfi við háskóla og þekkingarsetur um allan heim.

Með því að tryggja óskorað traust byggt á gæðum, jafnrétti og sjálfbærni á öllum sviðum getur Háskólinn rækt forystuhlutverk sitt í þekkingarsköpun fyrir samfélagið.

HÍ26 má finna hér:
https://stefna.hi.is/



# Leiðarljós HÍ26

## Gæði

Við tryggjum gæði á öllum sviðum starfsins til að styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni í kennslu og rannsóknum

## Traust

Við erum ábyrg og meðvituð um samfélagslegt mikilvægi skólans sem laðar að starfsfólk og nemendur með fjölbreyttan bakgrunn

## Snerpa

Við ryðjum hindrunum í samstarfi úr vegi og tökum frumkvæði til að mæta breytingum og áskorunum innan skólans og í samfélaginu



# HÍ26 og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

## Hvers vegna?

- Heimsmarkmiðin taka til helstu áskorana sem mannkyn stendur frammi fyrir
- Háskólar gegna lykilhlutverki í leitinni að svörum við þessum áskorunum í krafti kennslu, rannsókna og nýsköpunar
- Öflug þátttaka Háskóla Íslands er forsenda þess að Ísland geti lagt lóð á vogarskálar heimsmarkmiðanna

## Hvernig?

- HÍ26 hefur sterka skírskotun til heimsmarkmiðanna
- Sjálfbærni og fjölbreytileiki ein fjögurra megináherslna
- Tvö af 16 markmiðum stefnunnar vega þyngst.
- HÍ verði leiðandi á sviði sjálfbærni í krafti kennslu og rannsókna OG HÍ verði í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis
- Sérstök verkefni hafa verið skilgreind til að auka sjálfbærniáherslur í kennslu, rannsóknum og rekstri skólans
- Auk þess snerta mörg önnur markmið og verkefni viðfangsefni heimsmarkmiðanna, s.s. samfélagsleg nýsköpun, áhersla á þverfræðilegar rannsóknir og kennslu, vaxandi samstarf og miðlun til samfélagsins, aukinn fjölbreytileiki og jafnrétti

# Áherslur í starfi skólans 2021-2026

1

**OPINN OG ALÞJÓÐLEGUR**

Við eigum samstarf þvert á einingar skólans og í frjóu samtali og samstarfi við samfélag, atvinnulíf og háskóla um heim allan

2

**SJÁLFBÆRNI OG FJÖLBREYTILEIKI**

Við erum fjölbreyttur hópur starfsfólks og nemenda sem leggur áherslu á að nám og rannsóknir mæti þörfum íslensks samfélags og atvinnulífs og stuðli að sjálfbærum heimi

3

**AFL Á GRUNNI GÆÐA**

Með áherslu á gæði og stöðugar umbætur í öllu okkar starfi rækjum við af ábyrgð hlutverk okkar sem drifkraftur framfara

4

**GÓÐUR VINNUSTAÐUR**

Við byggjum upp trausta innviði sem styðja við alla starfsemi skólans og gera nemendum og starfsfólki kleift að blómstra

# Opinn og alþjóðlegur

### ÞVERFAGLEGT STARF
Umgjörð starfsins styðji í hvívetna við þverfaglegt samstarf í kennslu, rannsóknum og öllu starfi skólans

### ALÞJÓÐATENGSL
Sameiginlegum námsleiðum með erlendum háskólum verði fjölgað, tækifæri til skiptináms aukin og stutt við alþjóðlegt rannsóknasamstarf

### NÝSKÖPUN OG FRAMFARIR
Umhverfi nýsköpunar nemenda og rannsakenda verði eflt í samstarfi við Vísindagarða, atvinnulíf og samfélag. Stuðlað verði að eflingu íslenskunnar í heimi breytinga

### STARFSHÆFNI NEMENDA
Aðgengi að símenntun verði eflt og áhersla lögð á hæfni nemenda til að takast á við fjölbreytt störf og áskoranir í kvikum og tæknivæddum heimi

# Sjálfbærni og fjölbreytileiki

### ÞEKKING Í ÞÁGU SJÁLFBÆRS SAMFÉLAGS
Háskólinn verði leiðandi á sviði sjálfbærni í krafti kennslu, rannsókna og þekkingarsköpunar

### SJÁLFBÆR STARFSEMI
Skólinn verði í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis á stefnutímabilinu sem byggi á markmiðum Íslands í þeim málaflokki

### FJÖLBREYTT HÁSKÓLASAMFÉLAG
Háskólinn verði enn betri vinnustaður sem tryggi jafnrétti og fjölbreyttan bakgrunn nemenda og starfsfólks. Stutt verði sérstaklega við nemendur af erlendum uppruna og áhersla lögð á fjölbreytileika nemendahópsins

### SAMSTARF VIÐ SAMFÉLAGIÐ
Kortlagning á hagsmunaaðilum og áætlun og aukinn stuðningur við miðlun og samstarf, með áherslu á milliliðalaust samtal rannsakenda og samfélags til að bregðast við falsfréttum, auka traust á vísindum og undirbyggja opinbera stefnumótun

# Afl á grunni gæða

### NOTENDAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA
Notendamiðuð þjónusta sem byggir á þörfum nemenda, starfsfólks og stjórnenda verði í forgrunni í starfsemi skólans með stafrænni umbreytingu

### GÆÐI NÁMS Í FYRIRRÚMI
Kennsluhættir og námsframboð verði í sífelldri þróun og burðarstólpi í gæðastarfi skólans með námsánægju og gæði að leiðarljósi. Áhersla verði á þróun stafrænna kennsluhátta, fjarnáms og opinna netnámskeiða

### VANDAÐ FRAMHALDSNÁM
Áhersla verði lögð á að styrkja umgjörð og fjármögnun doktorsnáms og að námsframboð á meistarastigi verði eflt

### FRAMÚRSKARANDI VÍSINDI
Stuðningur við rannsakendur verði efldur með bættu aðgengi að styrkjum og rannsóknarinnviðum, sem og opnum og betri aðgangi að rannsóknagögnum og -niðurstöðum

# Góður vinnustaður

### MANNAUÐUR OG STARFSGLEÐI
Stuðlað verði að hvetjandi starfsumhverfi með vellíðan nemenda og starfsfólks að leiðarljósi, sem laðar til sín metnaðarfullt fólk með fjölbreyttan bakgrunn. Stjórnun verði efld með stuðningi, styrkari umgjörð, fræðslu og þjálfun

### INNVIÐIR RANNSÓKNA OG KENNSLU
Rannsóknainnviðir, aðstaða og húsnæði styðji við markmið um framþróun rannsókna og kennslu, svo og þverfræðilegt starf og gæði í starfsemi skólans

### FARSÆLT HÁSKÓLASVÆÐI
Heildstæð sýn á skipulag háskólasvæðisins stuðli að jöfnu aðgengi og samheldnu þekkingarsamfélagi nemenda og starfsfólks af öllum fræðasviðum. Algild hönnun, vistvænar samgöngur og grænar tengingar verði í forgrunni

### FJÁRMÁL OG REKSTUR
Fjármögnun, hagræði og skilvirkni í rekstri verði tryggð. Fjármögnun og launasetning endurspegli stefnu skólans

HÍ





# Opinn og alþjóðlegur

MARKMIÐ

- Umgjörð starfsins styðji í hvívetna við **þverfaglegt samstarf**
- **Alþjóðatengsl** aukin með sameiginlegum námsleiðum með erlendum háskólum og tækifærum til skiptináms
- Umhverfi **nýsköpunar** nemenda og rannsakenda verði eflt
- Aðgengi að símenntun eflt og áhersla á **starfshæfni** nemenda

# Sjálfbærni og fjölbreytileiki

MARKMIÐ

- HÍ verði **leiðandi á sviði sjálfbærni** í krafti kennslu og rannsókna
- HÍ verði í forystu í **sjálfbærri starfsemi** og setji mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis
- HÍ tryggi **jafnrétti og fjölbreyttan bakgrunn** nemenda og starfsfólks
- Aukinn stuðningur við **miðlun og samstarf við samfélag** til að bregðast við falsfréttum og auka traust á vísindum





## Afl á grunni gæða

MARKMIÐ

- Stafræn umbreyting þjónustu við starfsfólk og nemendur sem byggir á **notendamiðaðri hönnun**
- **Gæði náms í fyrirrúmi** með sífelldri þróun og áherslu á stafræna kennsluhætti, fjarnám og opin netnámskeið
- **Vandað framhaldsnám** með styrkari umgjörð og fjármögnun doktorsnáms og eflingu meistaranáms
- **Framúrskarandi vísindi** með stuðningi við rannsakendur og aðgengi að styrkjum og rannsóknainnviðum

## Góður vinnustaður

MARKMIÐ

- **Hvetjandi og gott starfsumhverfi og styrk stjórnun** sem stuðlar að vellíðan á vinnustað og laðar til sín metnaðarfullt starfsfólk og nemendur
- **Innviðir og húsnæði** styðji við framþróun, þverfræðilegt starf og gæði rannsókna og kennslu
- **Farsælt háskólasvæði** með áherslu á algilda hönnun, vistvænar samgöngur og grænar tengingar
- **Fjármögnun, hagræði og skilvirkni í rekstri** verði tryggð og launasetning endurspegli stefnu skólans

# Hvernig verður markmiðum HÍ26 náð?

## Markmið HÍ26 vísa veginn í öllu starfi skólans

- Mikilvægt er að starfsfólk og stjórnendur nýti þau við forgangsröðun verkefna og fjármuna
- Stefnubundin áætlanagerð verður efld
- Skýr ábyrgð á þeim umbótaverkefnum sem ráðist verður í

## Umfangsmestu verkefnin sett fram með tíu verkefnastofnum

- Hver þeirra er formleg umgjörð um umbótaverkefni sem varða heildarhagsmuni skólans og geta varað í nokkur ár
- Snúa að öllum markmiðum HÍ26 og tilgreina forgangsverkefni næstu ára



# Mælikvarðar

## OPINN OG ALÞJÓÐLEGUR

- Ritrýndar birtingar í erlendu samstarfi
- Nemendur sem taka hluta náms við erlenda háskóla
- Einkaleyfi, nytjaleyfi og sprotafyrirtæki
- Mat útskrifaðra nemenda á undirbúningi þeirra fyrir starf

## SJÁLFBÆRNI OG FJÖLBREYTILEIKI

- Framlag kennslu og rannsókna til heimsmarkmiða skv. alþjóðlegum mælikvörðum*
- Kolefnisfótspor vegna samgöngumáta og starfsemi*
- Kynjahlutfall meðal nemenda eftir deildum og hlutfall innflytjenda af nemendahópnum*
- Ritrýndar birtingar með atvinnulífi*
- Samstarf við opinberar stofnanir og framkoma fræðafólks á innlendum vettvangi*

## AFL Á GRUNNI GÆÐA

- Ánægja starfsfólks með þjónustu skólans*
- Námsánægja á öllum námsstigum
- Brautskráningarhlutfall
- Traust almennings til Háskóla Íslands
- Einkunn Gæðaráðs íslenskra háskóla
- Staða skólans á alþjóðlegum matslistum

## GÓÐUR VINNUSTAÐUR

- Ánægja í starfi
- Álag og streita í starfi
- Kynbundinn munur á launum og eftir starfsheitum
- Ánægja starfsfólks með stuðning við rannsóknir
- Opinber framlög og sjálfsaflafé í samanburði við háskóla á Norðurlöndum



*Gögn liggja annaðhvort ekki fyrir eða þarf að þróa frekar.

# Innleiðing HÍ26





# Sýnin við innleiðingu HÍ26

- Einn skóli – ein stefna
- Sameiginleg sýn og samræmd vinnubrögð
- Gegnsæi árangurs og framvindu
- Víðtæk þátttaka og frumkvæði
- Tengja saman stór breytingaverkefni (top down) og úrbótaverkefni í rekstri og þjónustu (bottom up)

# Tveir straumar breytinga

Þróun starfsins byggir á tveimur meginþáttum

- Þróun starfseminnar: Gæðastarf og stöðugar umbætur á grundvelli markmiða stefnunnar, eins og skilgreint er í hefðbundnum áætlunum starfseininga
- Umbreyting starfseminnar: Nýjungar innleiddar í takt við megináherslur stefnu skólans, eins og skilgreint er í verkefnastofnum



# Tveir straumar breytinga

- Opinn og alþjóðlegur
- Sjálfbær og fjölbreytt
- Afl á grunni gæða
- Góður vinnustaður



# Verkefnastofnar

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Alþjóðlegt samstarf um kennslu | Mannauður, vinnustaðamenning og þróun stjórnunar | Notendamiðuð þjónusta og stafræn umbylting stjórnsýslu | Samfélagsleg nýsköpun, framfarir og starfshæfni nemenda | Samstarf við samfélag og margvíslegar leiðir til miðlunar |
| Sjálfbærniáherslur í kennslu, rannsóknum og rekstri skólans | Styrkjasókn, nýliðun í vísindum, opin vísindi og siðferði vísinda | Umgjörð, fjármögnun og gæði meistara- og doktorsnáms | Uppbygging rannsókna- og kennsluinnviða og þróun háskóla-svæðisins í heild | Upplýsingatækni í kennslu, námsframboð og fjölbreytileiki nemendahópsins |

# Verkefnastofnar

- Viðamikil langtímaverkefni sem ganga þvert á starfsemi skólans
- Gera forgangsmál sýnileg og leiða saman starfsfólk úr ólíkum einingum
- Ábyrgðaraðili fyrir hvern verkefnastofn
- Hver verkefnastofn samanstendur af 4-6 verkefnum sem á að innleiða á stefnutímabilinu á grundvelli verkáætlunar til eins árs í senn
- Innifelur formlegt samþykki og ákvörðun um nauðsynleg aðföng
- Mikilvægt að haft sé virkt samráð við fræðasvið, deildir og einingar við mótun verkefnastofna og að þarfir rannsakenda, kennara og nemenda séu lagðar til grundvallar



# Innleiðing HÍ26 byggir á fyrra fyrirkomulagi

HÍ

- Skýr ábyrgð á verkefnum
- Reglubundin umræða og eftirfylgni í helstu stjórnendateymum
- Stefnubókhald og mælikvarðar gefa vísbendingar um árangur
- Árlegir akkerisfundir gefa tækifæri til að taka saman uppskeru innleiðingar, stilla saman strengi og rækta eignarhald stefnunnar heilt yfir skólann
- Lærum af reynslunni og innleiðum bætt vinnubrögð þar sem þess er þörf



# Breytingar á innleiðingu

- Rafrænt stefnubókhald sem veitir yfirsýn um framgang bæði verkefnastofna og starfsáætlanir fræðasviða/miðlægra eininga
- Beinn stuðningur við stjórnendur við stefnubundna áætlanagerð og innleiðingu (m.a. með stjórnendaþjálfun)
- Sameiginleg sýn miðlægrar stjórnsýslu á forgangsverkefni hvers árs
- Aukin áhersla á innleiðingu á fræðasviðum
  - Aukinn stuðningur við umbótastarf og áætlanagerð, betri yfirsýn yfir innleiðingu á hverju fræðasviði, auðveldari samskipti milli stjórnenda miðlægt og á fræðasviðum



# Helstu verkþættir innleiðingar á haustmisseri

| September ´21 | Október ´21 | Nóvember ´21 | Desember ´21 |
|---|---|---|---|

**Undirbúningur innleiðingar**
- Umgjörð og umsjón
- Leiðbeiningar, sniðmát og stefnubókhald
- Samráð og undirbúningur fyrir þjálfun og stuðning við stjórnendur og ábyrgðaraðila verkefnastofna

**Kynningar og önnur miðlun**
- Almenn kynning
- Á fræðasviðum og í Stúdentaráði
- Stefnan sýnileg á vef HÍ, samfélagsmiðlum og í byggingum skólans (m.a. á upplýsingaskjám og skjáhvílum)

**Verkefnastofnar**
- Ræsing verkefnastofna – frekari útlistun verkefnastofna, mótun verkáætlana, stuðningur og þjálfun ábyrgðaraðila

**Starfsáætlanir fræðasviða og miðlægra eininga**
- Forgangsröðun verkefna m.t.t. stefnu, stuðningur við innleiðingu og þjálfun

**Umgjörð og eftirfylgni**
- Mælikvarðar, mótun mælanlegra markmiða, þróun stefnubókhalds og umgjarðar eftirfylgni, samræming við gæða- og úrbótakerfi

# Kynning HÍ26 innanhúss – næstu skref

- Til umfjöllunar á samráðs- og upplýsingafundi stjórnenda, 29. september
- Rektor og aðstoðarrektor kynna stefnuna á fræðasviðum skólans og í Stúdentaráði í október
- Kynningar og rafrænt kynningarefni utan og innan skólans í forgrunni á misserinu



HÍ